

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/313****2018/EES/64/04****frá 28. febrúar 2018****um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu***(tilkynnt með númeri C(2018) 1149) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum málslíð annarrar undirgreinar 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽³⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Belgía upplýsti framkvæmdastjórnina um að samþykki fyrir skoðunarmiðstöðvunum Avia Partner og WFS á flugvellingum Brussel-Zaventem ætti að takmarkast við vörur undir tilteknu, stýrðu hitastigi. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 3) Í kjölfar tillögu frá Danmörku ætti að takmarka samþykkið fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í Kaupmannahöfn eingöngu við pakkaðar vörur. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 4) Þýskaland upplýsti framkvæmdastjórnina um að það hefði dregið til baka samþykki fyrir vörur að því er varðar skoðunarstöðina á landamærunum á flugvellingum Hannover-Langenhagen. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 5) Írland upplýsti framkvæmdastjórnina um að það hefði dregið til baka samþykki fyrir lifandi hóf- og klaufdýr að því er varðar skoðunarstöðina á landamærunum á flugvellingum í Shannon. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 6) Spánn upplýsti framkvæmdastjórnina um að hann hefði fellt tímabundið úr gildi samþykki fyrir skoðunarstöðina á landamærunum á flugvellingum í Alicante að því er varðar lifandi dýr og vörur sem eru ekki til manneldis. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 7) Í kjölfar tillögu frá Spáni ætti að bæta við samþykki fyrir nýju skoðunarmiðstöðinni Alaire á skoðunarstöðinni á landamærunum á flugvellingum í Madrid og endurnýja ætti samþykkið fyrir skoðunarmiðstöðinni Frigalsa á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Vigo. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjttð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

- 8) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).
- 9) Í kjölfar upplýsinga sem bárust frá Króatíu ætti að gera tilteknar breytingar á skránni yfir staðareiningar í Traces-kerfinu að því er það aðildarríki varðar. Því ætti að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í þeim hluta sem varðar Belgíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn Brussel-Zaventem:

„Brussel-Zaventem Bruxelles-Zaventem	BE BRU 4	A	Flight Care 2	NHC(2)	U, E, O
			Avia Partner	HC-T(2)	
			WFS	HC-T(CH)(2)	
			Swiss Port	HC(2) ^{cc}	

b) Í þeim hluta sem varðar Danmörku komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Kaupmannahöfn:

„København	DK CPH 1	P		HC(1)(2), NHC-T(FR)(2), NHC-NT(2) ^{cc}	
------------	----------	---	--	--	--

c) Í þeim hluta sem varðar Þýskaland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn Hannover-Langenhagen:

„Hannover-Langenhagen	DE HAJ 4	A			O(10) ^{cc}
-----------------------	----------	---	--	--	---------------------

d) Í þeim hluta sem varðar Írland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Shannon:

„Shannon	IE SNN 4	A		HC(2), NHC(2)	E ^{cc}
----------	----------	---	--	---------------	-----------------

e) Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Alicante komi eftirfarandi:

„Alicante	ES ALC 4	A		HC(2), NHC(2) (*)	O(10) (*) ^{cc}
-----------	----------	---	--	-------------------	-------------------------

ii. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Madrid komi eftirfarandi:

„Madrid	ES MAD 4	A	Iberia	HC-T(FR)(2) (*), HC-NT(2) (*), NHC(2)	U, E, O
			Swissport	HC(2), NHC(2)	O
			PER4	HC-T(CH)(2)	
			WFS: World Wide Flight Services	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT	O
			Alaire	HC-T(2) ^{cc}	

iii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Vigo komi eftirfarandi:

„Vigo	ES VGO 1	P	T.C. Guixar	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Frioya	HC-T(FR)(2)(3)	
			Frigalsa	HC-T(FR)(3)	
			Pescanova	HC-T(FR)(2)(3)	
			Fandicosta (*)	HC-T(FR)(2)(3) (*)	
			Frig. Morrazo	HC-T(FR)(3) ^{cc}	

2) Í stað færslanna í hlutanum sem varðar Króatíu í II. viðauka komi eftirfarandi:

„HR00001	BJELOVAR
HR00007	GRAD ZAGREB
HR00002	VUKOVAR
HR00003	PULA
HR00009	ŠIBENIK
HR00008	SLAVONSKI BROD
HR00004	SPLIT
HR00005	VARAŽDIN
HR00006	ZAGREB
HR00010	KARLOVAC
HR00011	SISAK
HR00012	VIROVITICA“